

Mánudaginn 2. desember 1968.

Nr. 179/1968. **Búi Jóhannsson**

gegn

**Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Emil Helgasyni, Kristjáni Eiríkssyni, Erni Eyjólfssyni, Guðbjörgu E. Guðmundsdóttur, Landssíma Íslands, Búnaðarbanka Íslands, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Ingimar Guðmundssyni, Brunabótafélagi Íslands og bæjarstjóranum í Kópavogi f. h. bæjarsjóðs.**

Útivistardómur.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Búi Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 4. desember 1968.

Nr. 66/1968. **Valtýr Þorsteinsson** (Friðrik Magnússon hrl.)

gegn

**Hinriki Albertssyni og gagnsök**  
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabætur. Sjóveðréttur.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. marz 1968, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1968, birtri 3. maí 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að bótafjárhæð, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð og að gagn-

áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 3. maí 1968. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 1.604.865.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 24. maí 1963 til 1. janúar 1965, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í v/s Akraborg, EA 50, til tryggingar greindum fjárhæðum.

## I.

Atvikum máls þessa er lýst í héraðsdómi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð dr. med. Bjarna Jónssonar yfirlæknis, dags. 8. nóvember 1968, svohljóðandi: „Hinrik Albertsson, fæddur 20. 11. 1925, var lagður í Landakotsspítala þ. 10. október 1963. 24. maí þ. á. hafði vinstri öln brotnað. Hafði sjúklingur verið í gipsumbúðum, þar til fáum dögum áður en hann kom á spítalann, en ekki hafði brotið gróið. Þ. 16. október var gerð aðgerð á handleggnum, farið inn á brotið, sást, að þar var bandvefur á milli brotenda, en hvergi beinmyndun þar. Þessi bandvefur var hreinsaður í burtu, beinendar særðir, og féllu þeir þá saman, og voru þeir festir með tveimur skrúfum, og var bein, sem tekið var ofar úr öln, pakkað meðfram brotstaðnum. Sárið greri með eðlilegum hætti, og sjúklingur fór af spítalanum þ. 26. október og var þá í gipsumbúðum.

Nú get ég ekki séð, hvenær gipsumbúðirnar voru teknar, en sjúklingur var röntgenskoðaður með nokkurra vikna millibili, og var fyrsta myndin tekin þ. 16. 11. 1963, og sýndist þá gróðurmyndun í brotinu vera allgóð. Brotið hélzt í skorðum, en ekki varð eins gott áframhald á gróðrinum, eins og virtist í fyrstu. Sjúklingur hafði alltaf dálitla tilkenningu í handleggnum, en hún var lítil. Þegar kom fram á vorið, fór að sjást, að beinendar voru nokkuð kalkrikir, en þar sem sjúklingur hafði þá allgóðan kraft í hendi, brotið hélzt alveg í skorðum, var hann látinn æfa handlegginn, bæði hreyf-

ingar í olnboga og hendi, og var honum leyft að nota höndina til léttra verka. Talaði sjúklingur um að fara á sildveiðar, en hann er sjómaður að atvinnu, og féllst ég á það í þeirri von, að brotið gæti haldið áfram að gróa, en ef svo færi ekki, mundi þurfa að taka til við það enn á ný.

Umsögn röntgenlæknis þ. 30. 5. 1964 er svohljóðandi: „Status á brotstaðnum í vinstri framhandlegg (ulna sin.) virðist svipaður og við síðustu skoðun þ. 25. 4. Brotlínan er ennþá glögg og nokkur sclerosis er á brotstaðnum. Skrúfnaglarnir eru að sjá losaralegir, einkum sá distali. Lítið sér til callusmyndunar. Situs virðist ekki hafa haggast, og sennilega er brotið fast“.

Leið nú af sumarið. Þ. 14. nóvember 1964 segir svo í röntgenumsögn: „Alláberandi sclerosis er á brotstaðnum í ulna sin., og vottar fyrir valgusstöðu. Skrúfnaglarnir eru losaralegir, brotlínan er ennþá alláberandi, og virðist vafasamt, að brotið sé vel fast“.

Sjúklingur var aftur lagður í Landakotsspítala þ. 16. desember 1964, og voru skrúfurnar fjarlægðar daginn eftir. Sárið greri með eðlilegum hætti, og fór sjúklingur af spítalanum þ. 23. desember 1964.

Þ. 15. febrúar 1965 kemur sjúklingur enn í Landakotsspítala, og þ. 18. febrúar er gerð aðgerð á handleggnum. Farið er inn á brotstaðinn, hreinsað það, sem þar er af lausum bandvef, og beinendar særðir, en síðan er mergnagli þræddur eftir mergholinu, eftir að borað hefur verið upp mergholið á neðra brotinu líka. Röntgenskoðun sýndi góða stillingu á broti og nagla. Þetta sár greri líka með eðlilegum hætti, og fór sjúklingur af spítalanum þ. 27. 2. 1965. Nú greri brotið. Var sjúklingur síðast röntgenskoðaður 12. janúar 1966, og sýndist brotið í vinstri öln vera þá vel gróið.

Ég sá sjúkling síðast 1. nóvember 1968. Hann sagðist þreytast mun fyrr í vinstri handlegg en í þeim hægri og fengi hann þreytuverki í handlegginn eftir langan vinnudag. Að öðru leyti sagði hann, að sér væru góð not af handleggnum. Hann sagðist hafa byrjað að vinna í apríllök 1966. Við skoðun sjást 3 vel gróin ör á vinstri framhandlegg, hjarar-

hreyfing í v. olnboga er  $10^\circ$  minni í báðar áttir en í þeim hægri, en hverfihreyfing er eins í báðum. Vinstri framhandleggur er nokkru rýrari en sá hægri. Aðrar hreyfingar í liðamótum handar og handleggjar eru eðlilegar.

Hér er um að ræða 42 ára gamlan mann, sem handleggsbrotnaði fyrir 5 árum. Brotinu gekk illa að gróa, og hafa 3svar verið gerðar aðgerðir á handleggnum, og greiri það loks eftir þá síðustu“.

Þá hefur og verið lögð fram ný álitserð cand. act. Bjarna Þórðarsonar um tjón gagnáfrýjanda vegna örorku af völdum slyss þess, sem mál þetta er af risið, dags. 30. september 1968, og er meginmál álitserðarinnar á þessa leið:

„Að ósk yðar“, þ. e. lögmanns aðaláfrýjanda, „hef ég endurreiknað örorkutjón Hinriks Albertssonar vegna slyss 24. maí 1963. Fyrri útreikningur minn á örorkutjóni hans er dags. 4. marz 1967. Síðan hafa orðið mjög miklar breytingar á forsendum þeim, sem lagðar voru til grundvallar framtíðarvinnutekjuáætlun Hinriks. Meðaltekjur kvæntra sjómanna árið 1967 reyndust talsvert lægri en meðaltekjur þeirra árið 1966, eða kr. 225.162.00 á móti kr. 288.163.00, en í fyrri útreikningnum var áætlað, að meðaltekjurnar árið 1967 yrðu hærri en árið 1966.

Ógerlegt er að spá um, hvort hér er um varanlega lækkun á meðaltekjum sjómanna að ræða eða tímabundna sveiflu einungis. Aflabrögð það sem af er árinu 1968 gefa ekki ástæðu til að ætla, að veruleg breyting verði á meðaltekjum ársins 1968, miðað við 1967.

Með hliðsjón af þessari óvissu um þróun meðaltekna sjómanna hef ég áætlað Hinrik vinnutekjur frá slysdegi á tvo vegu:

1. Sjóvinnutekjur hans árin 1960—1962 eru umreiknaðar til kauplags á slysdegi og síðan eftir þeim breytingum, sem orðið hafa á meðaltekjum kvæntra sjómanna samkvæmt úrtakstölum Efnahagsstofnunarinnar, og er gert ráð fyrir, að meðaltekjurnar frá og með árinu 1967 séu jafnháar meðaltekjum árið 1967.

2. Sjóvinnutekjur hans árin 1960—1962 eru umreiknaðar

á sama hátt, nema nú er gert ráð fyrir, að meðaltekjurnar hækki jafnt árin 1969—1972, þannig að árið 1968 séu þær jafnar meðaltekjum ársins 1967, en árið 1972 jafnar meðaltekjum 1966.

Landvinnutekjurnar eru í báðum tilvikum umreiknaðar eftir breytingum á taxta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu.

Fyrri vinnutekjuáætlunin er sýnd í næstu töflu. Þar er einnig sýnt áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og öorkan er metin á hverjum tíma:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnu- tekjutap:
1. árið eftir slysið . . . .	kr. 235.567.00	kr. 235.567.00
2. — — — . . . .	— 308.477.00	— 233.221.00
3. — — — . . . .	— 376.510.00	— 336.301.00
4. — — — . . . .	— 374.128.00	— 111.679.00
5. — — — . . . .	— 324.812.00	— 48.722.00
6. — — — . . . .	— 326.579.00	— 48.987.00
Síðan árlega . . . . .	— 326.768.00	— 49.015.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdagi:

Vegna tímabundinnar örorku . . . . .	kr. 780.266.00
Vegna varanlegrar örorku . . . . .	— 433.711.00

---

Samtals kr. 1.213.977.00

Samkvæmt seinni vinnutekjuáætluninni nema vinnutekjur 10. árið eftir slysið og síðan árlega kr. 409.903.00 og vinnutekjutapið kr. 61.485.00.

Verðmæti vinnutekjutapsins samkvæmt þeirri áætlun reiknast mér nema á slysdagi:

Vegna tímabundinnar örorku . . . . .	kr. 780.266.00
Vegna varanlegrar örorku . . . . .	— 512.976.00

---

Samtals kr. 1.293.242.00

Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og vegna samningsbundinnar slysatryggingar hafa ekki verið dregnar frá. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda. Notaður er sami reiknigrundvöllur og í fyrri útreikningi“.

## II.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber aðaláfrýjanda að bæta tjón gagnáfrýjanda óskipt.

Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Vinnutekjutap vegna tímabundinnar örorku . . . . .	kr.	780.998.00
2. Vinnutekjutap vegna varanlegrar örorku —		581.567.00
3. Miskabætur . . . . .	—	500.000.00
4. Kostnaður við örorkumat og tjónreikning —		4.300.00

---

Kr. 1.866.865.00

Þar frá dregur gagnáfrýjandi tryggingarbætur á vegum aðaláfrýjanda . . . . . — 262.000.00

---

Kr. 1.604.865.00

sem gagnáfrýjandi krefst úr hendi aðaláfrýjanda.

Eins og í héraðsdómi greinir, hefur Tryggingastofnun ríkisins greitt gagnáfrýjanda vegna slyss hans dagpeninga, kr. 142.859.15, og örorkubætur, kr. 65.724.00, samtals kr. 208.583.15.

*Um 1. kröfulið.* Með hliðsjón af örorkumati gagnáfrýjanda, tjónmatsgerðum og öðrum gögnum, er fram hafa komið í málinu, og þegar þess er gætt, að bætur, sem hér er um að tefla, eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þykir óbætt tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið kr. 500.000.00. Hafa þá verið fráðregnar tryggingarbætur, er áður getur, samtals að fjárhæð kr. 470.583.15 (kr. 262.000.00 + kr. 208.583.15).

*Um 2. kröfulið.* Þegar virt eru læknisgögn málsins og sjúkrasaga gagnáfrýjanda, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 75.000.00.

*Um 3. kröfulið.* Kostnað þann, er hér um ræðir, er rétt að taka með við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt þessu telst óbætt heildartjón gagnáfrýjanda kr. 575.000.00. Ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 24. maí 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 140.000.00. Samkvæmt lögjöfnun frá ákvæðum 4. tl. 236. gr., sbr. 13. gr. siglingalaga nr. 56/1914, sem í gildi voru, er gagnáfrýjandi slasaðist, á hann sjóveðrétt í v/s Akraborg, EA 50, til tryggingar greindum fjárhæðum.

#### Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Valtýr Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Hinriki Albertssyni, kr. 575.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. maí 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 140.000.00.

Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í v/s Akraborg, EA 50, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 13. júlí 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., var höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefni 22. maí 1965, þingfest 3. júní 1965, af Hinriki Albertssyni sjómanni, Ölduslóð 17, Hafnarfirði, gegn Valtý Þorsteinssyni útgerðarmanni, Fjólugötu 15, Akureyri. Gerði stefnandi þær kröfur í stefnu, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2.000.000.00 ásamt 8% ársvöxtum af upphæðinni frá 24. maí 1963 til 31. desember 1964, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og til viðurkennningar á sjóveðrétti í m/s Akraborg, EA 50, til tryggingar dæmd-

um upphæðum og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Enn fremur er Gísla Ólafssyni forstjóra, Hávallagötu 32, Reykjavík, stefnt til réttargæzlu fyrir hönd Tryggingamiðstöðvarinnar h/f í Reykjavík.

Í greinargerð á dskj. nr. 7 gerði stefnandi eftirfarandi breytingar á kröfugerð sinni. Í stað kr. 2.000.000.00, sem krafizt er í stefnu, krefst hann kr. 1.600.565.00 í skaðabætur. Að öðru leyti er krafa hans óbreytt.

Stefndi hefur mótmælt kröfunni sem allt of hárrí og órökstuddri og krafizt stórlækkunar á henni eftir mati dómsins. Einnig mótmælir hann hærri vöxtum en 7% ársvöxtum frá 24. maí 1963 til 1. janúar 1965, 6% frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% frá þeim degi til greiðsludags af upphæð þeirri, er tildæmd kann að verða. Loks krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavexti kveður stefnandi vera þessa: Hann var háseti á fiskiskipi stefnda, m/s Akraborg, EA 50, vorið 1963, en skipið var þá á síldveiðum við Suður- og Suðvesturland. Þann 24. maí 1963 um kl. 2000 var verið að ljúka við að háfa úr afar stóru kasti, sem skipið hafði fengið í Faxaflóa. Þá vildi það slys til, að svonefndur „svanaháls“ á bómu brotnaði með þeim afleiðingum, að bóman slóst í vinstri framhandlegg stefnanda og þríbraut aðra pípuna. Bóma þessi er notuð til að halda nótinni opinni, á meðan verið er að háfa úr henni.

Eftir slysið var bátnum þegar haldið til Reykjavíkur og komið þangað kl. 0300 aðfaranótt 25. maí. Stefnandi var þegar fluttur í slysavarðstofuna, þar sem gert var að meiðslum hans, en síðan fluttur heim um hádegi. Var stefnandi síðan óvinnufær að mestu fram á árið 1966, að undanskildum sumarsíldveiðitímanum 1964, en þá var hann á síldveiðiskipinu m/s Þórði Jónassyni, og verður nánar vikið að sjúkrasögu hans, þegar rakin verða læknisvottorð, er fyrir liggja í málinu.

Bótakrafa stefnanda felur í sér tjón vegna tekjumissis, örorkubætur, miskabætur vegna þjáninga og óþæginda og röskun á stöðu og högum og bætur vegna annars kostnaðar, er hann hefur orðið fyrir vegna slyssins.

Sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

- |   |                |
|---|----------------|
| 1. Vegna tímabundinnar örorku . . . . . | kr. 780.998.00 |
| 2. Vegna varanlegrar örorku . . . . .   | — 581.567.00   |

---

Samtals vegna örorku kr. 1.362.565.00

Miskabætur vegna þjánainga, óþæginda og  
röskunar á stöðu og högum . . . . . kr. 500.000.00

---

Kr. 1.862.565.00

Þar frá dragast bætur, sem réttargæzlu-  
stefndi, Tryggingamiðstöðin h/f, hefur  
greitt stefnanda upp í tjónið . . . . . — 262.000.00

---

Kr. 1.600.565.00

Stefnandi kveðst byggja skaðabótakröfu sína á því, að stefndi, Valtýr Þorsteinsson, eigandi og útgerðarmaður m/s Akraborgar, EA 50, beri bótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi hafði orðið fyrir vegna slyssins, samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins og hafi stefndi viðurkennt þessa bótaskyldu sína, þar sem stefnanda hafi þegar verið greiddar nokkrar bætur vegna slyssins af réttargæzlustefnda, en þar hafi stefndi keypt ábyrgðartryggingu vegna nefnds báts.

11. janúar 1964 fór fram sjóferðapróf í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur vegna slyss stefnanda.

Í útdrætti úr dagbók m/s Akraborgar, EA 50, 24. maí 1963, sem fram var lagður í réttinum og staðfestur af skipstjóra og stýrimanni fyrir dóminum, segir svo:

„... Kastað kl. 18.00, mjög stórt kast. Kl. 20.30, þegar búið var af háfa ca. 1400 tunnur úr kastinu, brotnar boltinn, sem heldur fastri nótarbómunni og gengur í gegnum borðstokkinn aftan við gálgann stjórnborðsmegin. Þegar boltinn slitnaði og bóman kiptist út undan þyngslum síldarinnar, slóst bóman í Hinrik Albertsson með þeim afleiðingum, að hann handleggsbrotnaði og meiddist eitthvað á síðu. Kl. 21.00 sett á ferð til lands“.

Fyrir sjódominum skýrði skipstjórinn á m/s Akraborg svo frá: Hann kvað hér hafa verið um að ræða bómu um 2 m langa, er haldi pokanum út og sé staðsett stjórnborðsmegin aftan við gálgann. Skipstjórinn sagði, að kastið hefði verið mjög stórt og þunginn á bómunni venju fremur mikill. Hann kvað boltann hafa verið sveran og sterklegan og kvaðst hafa athugað sárið og hafi það verið alveg nýtt og enginn framleiðslugalli sjáanlegur. Skipstjórinn sagðist ekki geta fullyrt, hvernig þetta hefði atvikazt, en hann gerði ráð fyrir, að þungi nótarinnar hefði þvingað bómuna

niður á borðstokkinn og við það kunni að hafa komið beygja á boltann og við það hafi hann hrokkið í sundur.

Skipstjórinn sagði, að stefnandi hefði staðið aftan við bómuna á þeim stað, sem hann hefði verið vanur að standa, og dregið inn garnið og hafi hann enga óaðgæzlu sýnt í starfinu, enda vanur sildveiðimaður.

Stefnandi og stýrimaðurinn gáfu einnig skýrslu fyrir dómnum, og eru þær efnislega samhljóða skýrslu skipstjórans.

Eins og áður er að vikið, hefur stefndi viðurkennt skaðabótaskyldu sína vegna slyss stefnanda, en hann hefur fært fram ýmis rök fyrir lækkun kröfu hans, og verður nú að þeim vikið.

Stefndi bendir á, að stefnandi hafi upplýst í greinargerð sinni, að stefnanda hafi verið greiddir dagpeningar og örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Dagpeningagreiðslurnar nemi kr. 142.859.15 og örorkubótageiðslan nemi kr. 65.724.00, eða samtals kr. 208.583.15. Þessa upphæð beri að draga að fullu frá dómkröfu stefnanda. Hér sé um að ræða bótageiðslur samkvæmt lögboðinni slysatryggingu, sem atvinnurekanda er skylt að kaupa vegna starfsmanna sinna og atvinnurekandi kostar að fullu, sbr. lög nr. 40/1963, 40. gr.

Þá bendir stefndi á eftirfarandi: Í örorkumati, dskj. nr. 8, sé stefnanda metin tímabundin örorka samfleytt frá stefnudegi, 24. maí 1963, til 31. október 1966. Í útreikningi vinnuteknaþjóns stefnanda á dskj. nr. 9 sé svo stefnanda áætlað vinnuteknaþ miðað við örorkumatið. Það sé hins vegar upplýst í málinu, að stefnandi hafi verið talinn fullvinnufær í júníbyrjun 1964, eða um ári eftir slysið. Þann 4. júní s. á. hafi stefnandi ráðizt í skiprúm á m/s Þórð Jónasson, EA 350, sem sé eign stefnda, Valtýs Þorsteinssonar. Stefnandi hafi verið í þessu skiprúmi frá 4. júní til 11. nóvember s. á. Aflahlutur stefnanda á þessu tímabili hafi verið kr. 243.583.18, sbr. viðskiptareikning hans við útgerðina, dskj. nr. 14. Krefst stefndi þess, að upphæð þessi komi til frádráttar kröfu stefnanda með fullri upphæð. Þá hefur stefndi skírskotað til eftirfarandi atriða:

Þegar stefnandi hætti störfum á m/s Þórði Jónassyni í nóvember 1964, leitaði hann læknis vegna óþæginda, er hann fann til í handleggnum, sem slasast hafði. Kom þá í ljós, að brotið hafði ekki að fullu gróið. Var stefnandi þá lagður í sjúkrahús og dvaldi þar frá 16. 12.—23. 12. 1964. Voru þá teknir burt naglar, sem settir höfðu verið við fyrri aðgerð á brotinu, og var gert ráð fyrir, að gera þyrfti aðgerð síðar. Aðgerð fór síðan fram, og lá

stefnandi í sjúkrahúsi frá 15. 2.—27. 2. 1965. Í þetta sinn greri brotið, og við röntgenskoðun 16. marz 1966 sést, að brotið er að fullu gróið í góðri stöðu. Þá segir stefndi, að stefnandi hafi verið talinn fullgróinn meina sinna og vinnufær að öllu leyti, þegar hann hafi ráðizt í skiprúm á Þórði Jónassyni þann 4. jún. 1964, fullum 13 mánuðum eftir slysið. Stefnda var þá með öllu ókunnugt um, að stefnandi væri þá ekki að fullu gróinn meina sinna. Læknar stefnanda og hann sjálfur máttu hins vegar gerzt vita um heilsufar hans og verði stefnda ekki gefin sök á þeim mistökum, að stefnandi hóf störf, áður en meiðsli hans voru fullgróin. Þótt síðar hafi komið í ljós, að ástand stefnanda hafi versnað, vegna þess að hann hóf störf of snemma, og komið hafi í ljós, að lækni-aðgerðir á honum hafi misheppnast eða þeim hafi verið ábótavant, svo að hann hafi orðið að ganga undir lækni-aðgerð á ný og orðið ófær til vinnu af þeim sökum um langan tíma, verði stefnda ekki gefin sök á því og verði það að teljast stefnda óviðkomandi. Hefur stefndi í því sambandi bent á, að stefnandi hafi fundið til í handleggnum allt sumarið 1964 og hafi hann því sýnt af sér gáleysi með því að vinna svo lengi sem raun var á án þess að láta skoða sig og benti í því sambandi á dómvenju um skiptingu sakar.

Stefnandi hefur mótmælt öllum lækkunarkröfum stefnda. Kröfunni um lækkun vegna þess, að afleiðingar meiðslanna tóku sig upp, hefur stefnandi sérstaklega mótmælt með þeim rökum, að hann hafi verið hjá hinum hæfasta lækni, Bjarna Jónssyni yfir-lækni, og farið á síldveiðar 1964 með hans ráði.

Ekki hefur stefnandi hirt um að afla vottorða lækna, er stunduðu hann vegna slyssins, eða ekki hafa þau verið lögð fram í málinu, en fram hefur verið lagt örorkumat Páls Sigurðssonar trykkingalæknis, og segir þar, sbr. dskj. nr. 8:

„Slysið varð með þeim hætti, að slasaði, er var háseti á fiskiskipinu Akraborg, varð fyrir slysi, er pokabóma brotnaði og slóst í slasaða.

Slasaði var fluttur á Slysavarðstofuna í Reykjavík, og í vottorði Tryggva Þorsteinssonar frá 13/6 1963 segir, að um hafi verið að ræða fractura ulnae sin.

Þrátt fyrir gipsmeðferð þá greri brotið ekki, og um haustið var slasaði lagður í Landakotsspítala og dvaldist þar frá 10/10 til 26/10 1963. Sjúkdómsgreining var þá pseudarthrosis ulnae sin. og meðferð var osteosynthesis. Brotið greri ekki að heldur, og slasaði var lagður enn á Landakotsspítala í desember 1964. Lá

þar frá 16/12—23/12, og voru þá teknir naglar, sem settir höfðu verið fyrir aðgerð. Af aðgerðarlýsingu þá kemur í ljós, að brotið er ekki gróið, og var gert ráð fyrir, að gera þyrfti aðgerð síðar. Maðurinn lá enn á Landakotsspítala frá 15/2 til 27/2 1965, og var enn gerð aðgerð og Küntschernagli þræddur í mergholið.

Í þetta sinn greri brotið, og við röntgenskoðun, sem gerð var í Slysavarðstofu 16. marz 1966, þá sést, að brotið er að fullu gróið í góðri stöðu.

Slasaði kom til viðtals hjá undirrituðum síðast 10/8 '66, en á slystímanum hefur hann oft komið til undirritaðs. Við komuna 10/8 kveðst hann hafa unnið að mestu leyti síðustu 4 mánuði. Þreytist aðallega í vinstri öxl og fram í handlegginn. Kvartar um nokkurn stirðleika í vinstri olnbogalið og þreytu í liðnum við áreynslu.

*Skoðun:* Almenn ástand er eðlilegt. Vinstri handlimur: Hreyfingar í axlarlið virðast eðlilegar og sársaukalausar. Vinstri olnbogi: Hreyfing í liðnum er 160—60 (hægri 180—30). Hverfihreyfing er eðlileg. Kraftur í handlimnum virðist eðlilegur.

*Ályktun:* Hér er um að ræða mann, sem slasast við vinnu sína fyrir rúmlega 3 árum. Hann brotnaði á vinstri öln. Brotið greri ekki, og þyrfti þrívægis að gera skurðaðgerð, áður en brotið greri. Nú er brotið gróið, en maðurinn hefur nokkurn stirðleika í olnbogalið og verki í handlimnum, og er sennilegt, að þau óþægindi verði viðloðandi.

Vegna slyssins hefur maðurinn hlotið tímabundna og varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin þannig:

Frá 24/5	1963 til 31/5	1964	100%	örorka
— 1/6	1964 - 31/7	1964	50%	—
— 1/8	1964 - 31/10	1964	25%	—
— 1/11	1964 - 31/12	1965	100%	—
— 1/1	1966 - 30/6	1966	75%	—
— 1/7	1966 - 31/8	1966	50%	—
— 1/9	1966 - 31/10	1966	25%	—
og síðan varanleg örorka 15%“.				

Þá hefur stefnandi lagt fram í málinu mat Bjarna Þórðarsonar, cand. act., á örorkutjóni sínu. Er þar lagt til grundvallar örorka stefnanda samkvæmt örorkumati Páls Sigurðssonar, er að framan greinir, og launatekjur stefnanda þrjú síðustu árin fyrir slysið,

en þær voru þessar samkvæmt skattskýrslu hans: 1960 kr. 79.829.00, 1961 kr. 175.596.00 og 1962 kr. 236.315.00. Enn fremur segir svo í matinu:

„Af tekjum ársins 1960 voru laun frá Jóni Gunnarssyni kr. 48.807.00, en laun greiddust að fullu úr þrotabúi Jóns. Samkvæmt upplýsingum Hinriks skiptast þessi laun þannig, að um kr. 12.000.00 eru hásetahlutur, en afgangurinn laun fyrir störf við fiskverkun Jóns. Annarra tekna þessara ára hefur Hinrik aflað sem háseti á togara og vélskipum.

Ég hefi umreiknað hásetatekjur Hinriks til kauplags á slysdegi og síðan eftir breytingum á meðaltekjum kvæntra sjómanna samkvæmt úrtakstölum Efnahagsstofnunarinnar og eftir breytingum á þorskverði frá 1. jan. 1966. Landvinnutekjurnar eru umreiknaðar eftir breytingum á taxta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu.

Þannig umreiknaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar er einnig sýnt áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin á hverjum tíma:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið . . . .	kr. 235.567.00	kr. 235.567.00
2. — — — . . . .	— 308.477.00	— 233.221.00
3. — — — . . . .	— 377.228.00	— 336.839.00
4. — — — . . . .	— 421.100.00	— 118.974.00
Síðan árlega . . . . .	— 439.739.00	— 65.961.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku . . . . .	kr. 780.998.00
Vegna varanlegrar örorku . . . . .	— 581.567.00

---

Samtals kr. 1.362.565.00

Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og vegna sammingsbundinnar slysatryggingar hafa ekki verið dregnar frá. Ekki hefur heldur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt senskri reynslu“.

Álit dómsins er, að taka beri kröfur stefnanda um ábyrgð stefnda á tjóni stefnanda til greina samkvæmt viðurkenningu hans og atvikum að slysinu, eins og þau koma fram við sjóprófið og að framan er rakið, og verður þá vikið að lækunarkröfum stefnda.

Upplýst er í málinu, að bótagreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt slysatryggingarákvæðum almannatryggingalaganna hafa numið kr. 208.583.15. Samkvæmt 40. gr. nefndra laga ber atvinnurekendum að bera kostnað af þessum tryggingum, og ber því að draga þessa upphæð frá kröfu stefnanda.

Ekki verður fallt á þá kröfu stefnda, að síldarhlutur stefnanda sumarið 1964 komi að fullu til frádráttar kröfu hans, enda er stefnanda ekki úrskurðað nema 50—25% örorka mestan hluta þessa tíma. Hins vegar þykir mega taka nokkurt tillit til þessara tiltölulega miklu tekna á þessu tímabili við ákvörðun bótanna.

Ekki verður heldur fallt á þá kröfu stefnda, að hann beri enga ábyrgð á tekjutjóni stefnanda eftir 4. júní 1964. Það var með ráði þekktis sérfræðings, að stefnandi réð sig til síldveiða 1964, og ekki er upplýst, að neitt nýtt slys hafi hent stefnanda, og verður því að telja atvinnutjón stefnanda og miska, sem verður eftir þetta, beina afleiðingu af slysi hans 1963, og verður stefnanda ekki gefin sök á, hvernig fór.

Ályktun um 1. lið.

Þennan lið, kr. 1.362.565.00, byggir stefnandi á mati Bjarna Þórðarsonar, cand act., er að framan er rakið, að frádregnum bótum frá réttargæzlustefnda, kr. 262.000.00, og verða þá eftir kr. 1.100.565.00. Frá þessu ber einnig að draga bætur Tryggingastofnunar ríkisins, eins og að framan greinir, kr. 208.583.15, og verða þá eftir af kröfunni kr. 891.981.85. Rétt þykir að leggja mat tryggingafræðingsins til grundvallar, enda hafa ekki komið fram rökstudd andmæli gegn því sem slíku. Með tilliti til þess, er að framan greinir, m. a. tekna stefnanda sumarið 1964, og þess, að fé þetta er skattfrjálst, og þess hagræðis að fá greiðsluna í einu lagi, þykir liður þessi hæfilega ákveðinn kr. 575.000.00.

Ályktun um 2. lið.

Þá verður vikið að kröfu stefnanda um miskabætur vegna þjáninga, óþæginda og röskunar á stöðu og högum.

Lögmaður stefnanda hefur bent á, að stefnandi hafi liðið óvenjumiklar og langvarandi þjáningar af slysi þessu. Hann hafi verið fjórum sinnum til aðgerðar á sjúkrahúsi á 3 árum og orðið að bera gipsumbúðir langtímum saman og finni til í handleggnum

og séu ekki líkur á því, að það hverfi alveg. Þá treysti hann sér ekki til að stunda sjómennsku lengur, sem hann hafi gert frá unglingsárum, og sé það mikil röskun á stöðu og högum.

Stefndi hefur mótmælt miskabótakröfunni sem allt of hárrí og óraunhæfri og þess krafizt, að hún verði lækkuð stórlega. Skírskotar stefndi til þess, að meiðsli stefnanda hafi verið brot á ölnarbeini og hafi brot hans gróið að fullu. Hreyfingar á axlarlið séu eðlilegar og sársaukalausar, hreyfing í v. olnboga sé 160—60, en í hægri 180—30, hverfihreyfing sé eðlileg og kraftur í handleggnum sé eðlilegur, örorka 15%, sbr. dskj. nr. 8. Samkvæmt þessum staðreyndum og dómvenju fáist krafan engan veginn staðizt.

Samkvæmt því, er að framan greinir um slys stefnanda og afleiðingar þess, þykja bætur undir þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 45.000.00.

Enn fremur hefur stefnandi gert kröfu um greiðslu á kostnaði við örorkumat, kr. 1.500.00, örorkutjón, kr. 2.800.00, og mat lögfræðings, samtals kr. 7.900.00. Fyrri liðirnir hafa ekki sætt andmælum gagnadilja, og verða þeir því teknir til greina, en síðasta liðnum hefur verið mótmælt sem sjálfstæðum lið, og verður þetta að skoðast sem liður í málflutningslaunum stefnanda.

Samkvæmt því, er að framan greinir, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 624.300.00 (575.000.00, 45.000.00, 1.500.00 og 2.800.00) með 7% ársvöxtum frá 24. maí 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Einnig ber að taka til greina kröfur stefnanda um sjóveðrétt í m/s Akraborg, EA 50, fyrir öllum dæmdum fjárhæðum.

Eftir þessa niðurstöðu þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og með tilliti til þess, að réttargæzlu-stefndi hafði ekki greitt nema kr. 102.000.00, þegar málið var höfðað, þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 76.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta, og meðdómsmennirnir Bjarni Jóhannesson skipstjóri og Björn Baldvinsson hafnarvörður.

#### Dómsorð:

Stefndi, Valtýr Þorsteinsson, greiði stefnanda, Hinriki Albertssyni, kr. 624.300.00 með 7% ársvöxtum frá 24. maí 1963 til 1. janúar 1965 og með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% vöxtum frá þeim degi til greiðsludags og

kr. 76.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í m/s Akraborg, EA 50, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. desember 1968.

Nr. 189/1968. **Hjörleifur Hallgríms**

(Jón Hjálmarsson hrl.)

gegn

**Kristjáni Gíslasyni** (enginn)

og

**Emil M. Andersen**

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Víxilmál. Afsögn víxils.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. október 1968. Krefst hann þess, að hinum stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt „kr. 83.995.60 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 43.995.60 frá 1. marz 1968 og af kr. 40.000.00 frá 15. marz 1968, hvort tveggja til greiðsludags, kr. 561.00 í bankakostnað og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti“.

Stefndi Emil krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Kristjáns hafa engar kröfur verið gerðar.

Samkvæmt gögnum málsins og 3. mgr. 2. gr. víxillaga nr. 93/1933 var greiðslustaður víxlanna heimili samþykkjanda þeirra, stefnda Kristjáns. Samkvæmt 91. gr. sömu laga átti afsagnargerð að fara þar fram. Með þessum athugasemdum